

# Stjórnarfundur

25. september 2008

## Fundargerð

### Stjórn SSA

#### Hótel Framtíð Djúpavogi 25. sept. 2008 kl. 17.00

Mættir eru : Bj. Hafþór Guðmundsson ,Ólafur Ármannsson , Guðmundur Ólafsson,Ólafur Sigurðsson, Guðmundur R. Gíslason ,Díana M.Sveinsdóttir, Páll Baldursson, Guðrún Ingimundardóttir og varamaður Elín Magnúsdóttir.

Forföll boðaði Reynir Arnarson. Framkvæmdastjóri mættur.

#### Dagskrá:

##### 1. Fundur settur .

Formaður setti fund og gengið var til fyrirliggjandi dagskrár.

2. Fundargerð stjórnar SSA frá 25. ágúst 2008.

Fundargerðin yfirfarin og staðfest.

3. **Frá landshlutasamtökum** : Lagt fram til kynningar.

3/1Eyþing Fundargerð stjórnar 196.f.8.sept. 2008.

3/2 Eyþing : Dagskrá aðalfundar 3.-4.okt.nk.

3/3 SASS Fundargerð 416. fundar 15. sept.

3/4 SSS: Tilkynning um aðalfund 2008 Sveitarfélaginu Garði 11.okt.

##### 4. Frá stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

4/1 Fundargerð stjórnar 756 fundur 22. ágúst 2008.

Umræða varð um liði. 2-4-7-og 20 .

4/2 Yfirlýsing og bókun stjórnar 22. ágúst .

Formaður sagði að í tillögum til aðalfundar frá stjórn SSA verði tekið undir yfirlýsinguna. Einnig verði flutningur verkefna á sviði þjónustu við fatlaða og aldraða frá ríkinu til sveitarfélaga til umræðu á aðalfundinum í tengslum við styrkingu sveitarstjórnarstigsins og sameiningu sveitarfélaga.

4/3 Tillögur að stefnumótun í málefnum innflytjenda.

Framkvæmdastjóri lagði áherslu á að nú væru öll sveitarfélögin með tillögur starfshóps Sambands ísl. sveitarfélaga til umsagnar og frestur er til 15. okt. Bað hann stjórnarmenn um að fylgjast með því að sveitarstjórnir þeirra taki tillögurnar fyrir og veiti umsagnir. Eftirfylgnisteymi SSA mun nú skila áfangaskýrslu til aðalfundar um verkefnið “Nýir íbúar á Austurlandi”.

4/4 Kveðja frá Þórði Skúlasyni framkvæmdastjóra 1.sept 2008.

Stjórn SSA þakkar Þórði fyrir góð störf í þágu sveitarfélaga í landinu og ánægjulegt samstarf á liðnum árum.

4/5 Nýr sviðsstjóri kjarasviðs.

Tilynnt er um að Inga Rún Ólafsdóttir hafi tekið við af Karli Björnssyni .

### **5. Fundargerð SA.SSA . sept og tillögur til aðalfundar SSA.**

Samþykkt að vísa til Samgöngunefndar sem starfa mun á fundinum.

### **6. Fundargerð OS.SSA 22. sept og tillögur til aðalfundar SSA**

Samþykkt að vísa til Allsherjanefndar sem starfa mun á fundinum.

### **7. Staða verkefna SSA . ( Framkvæmdastjóri )**

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu helstu verkefna sem SSA kemur að með samstarfsaðilum sínum . s.s Eftirfylgnisteymi SSA ( áfangaskýrsla á aðalfundi )- Meðhöndlun og úrvinnsla úrgangs á Austurlandi( áfangaskýrsla á aðalfundi ) – Vaxtarsamningur Austurlands (áfangaskýrsla á aðalfundi ) -NAN nefndin –Þekkingarnet Austurlands ( sjá skýrslu til aðalfundar). Söguritun SSA á áætlun.

### **8. 42. Aðalfundur SSA 26. sept-27.sept .**

Dagskrá –tillögur-skipulag.

Endanlega farið yfir dagskrána tímasetningar framsögur og fleira.

Skýrsla stjórnar og skýrslur/ upplýsingar frá stoðstofnunum vísað til aðalfundar.

Tillögur frá stjórn SSA: Stjórnarmenn skipta á sig að ganga frá tillögum til aðalfundar á vinnufundi í kvöld. Farið yfir breytingar á samþykktum SSA sem sendar voru aðildarsveitarfélögum 2. sept. sl. Farið yfir starfsnefndir og starfsmannamál .

Heiðursgestir í hátíðarkvöldverði á aðalfundi eru hjónin Guðmundur Bjarnason í Fjarðabyggð og Klara Ívarsdóttir.

### **9. Menningarverðlaun SSA 2008**

Stjórn SSA samþykkir að handhafi menningarverðlauna SSA 2008 verði tónlistarmaðurinn Guðmundur Magni Ásgeirsson og Bræðslan Borgarfirði eystri .

Formaður mun afhenda menningarverðlaunin í hátíðarkvöldverði SSA á aðalfundi.

## **10 Béf og önnur erindi sem borist hafa .**

10/1 Kynningarfundir ,ný lög um skóla og menntun .

Menntamálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Kynningarfundur verður á Egilsstöðum 7. október þar sem framkvæmdastjóri SSA verður fundarstjóri og á Hornafirði 8. október þar sem formaður SSA verður fundarstjóri.

## **11. Önnur mál.**

Formaður þakkaði stjórnarmönnum gott og traust samstarf á starfsárinu. Hann þakkaði sérstaklega Hornfirðingum gott samstarf í SSA í 40 ár og óskaði þeim velfarnaðar í samstarfi með sunnlenskum sveitarfélögum í SASS.

Boðaði hann vinnufund stjórnar eftir kvöldverð.

Frestaði hann síðan fundi.

Sameiginlegur kvöldverður stjórnar hófst kl. 19.30 eftir að formaður hafði læðst með stjórnarmenn í rófugarð einn góðann, utan þéttbýlisins , þar sem þeir létu greipar sópa upp dýrðarinnar rófum , sem menn síðan “nöguðu” með ánægju mikilli .

Að kvöldverði loknum var vinnufundur stjórnarmanna fram eftir kvöldi.

Gisting stjórnarmanna var á Hótel Framtíð.

Að loknum morgunverði 21. sept kl. 9.00 var framhaldið vinnufundi stjórnar til undirbúnings aðalfundi. Afhending fundargagna hófst kl. 13.30.

42. aðalfundur SSA hófst kl. 14.00.

Sign : Þorvaldur Jóhannsson.